

Skólar á grænni grein - Grænfáninn afhentur í Brautarholts- og Gnúpverjaskóla



Frá afhendingu Grænfánans

verkefnisins er að efla vitund nemenda, kennara og annarra starfsmanna skólans um umhverfismál með markvissum vinnubrögðum, í nánu samstarfi við foreldra og fellur verkefnið afar vel að markmiðum aðalnámskrár grunnskóla. Skóli sem keppir að því að flagga grænfánanum þarf að hafa tekið ákveðið skref til bættrar umhverfisstjórnunar og vinna á markvissan hátt að settu marki. Fánann fá skólar í kjölfar verkefna sem stuðla að þessum umhverfismarkmiðum og eftir að árangurinn hefur verið metinn og skólinn hefur staðist lágmarkskröfur. Til að vel megi takast þurfa allir að vera samtaka og einhuga um að ná settu marki. Verkefnið hefur því ekki síður samfélagslegt gildi og styrkir lýðræðisleg vinnubrögð í skólastarfinu og við stjórnun skólans." Að lokum þakkaði ráðherra Landvernd fyrir frumkvæðið að Grænfánaverkefninu hér á landi og fyrir faglega umsjón og stjórnun verkefnisins og óskaði Brautarholts- og Gnúpverjaskóla til hamingu með Grænfánann.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra, afhenti nemendum í [Brautarholts- og Gnúpverjaskóla](#) og leikskólanum [Leikholti](#) Grænfánann við hátíðlega athöfn þriðjudaginn 18. maí sl. Í tengslum við afhendinguna var dagskrá með þátttöku nemenda skólanna og á eftir var öllum gestum boðið í kaffihlaðborð í félagsheimilinu Árnasi. Nú taka um 30 skólar þátt í verkefninu *skólar á grænni grein*, þar af nokkrir leikskólar. Brautarholts- og Gnúpverjaskóli var 11. skólinn til að fá heimild til að flagga Grænfánanum.

Ráðherra sagði m.a. við það tækifæri: „Í þessum skóla eru nemendur, kennarar, starfsfólk skólans og foreldrar samtaka um að huga sérstaklega að umhverfismálum og búa þannig vel í haginn fyrir komandi kynslóðir, þau börn sem nú stunda hér nám og koma til með að gera það í framtíðinni. Markmið

Verkefnisstjórar útskrifaðir í Olweusarverkefninu

Átján verkefnisstjórar hafa verið útskrifaðir í [Olweusarverkefninu gegn einelti](#). Þau hafa sl. tvö ár starfað sem leiðbeinendur í þeim 45 grunnskólum vítt og breitt um landið sem unnið hafa samkvæmt eineltisáætluninni. Verkefnið er unnið í samráði menntamálaráðuneytis, [Sambands íslenskra sveitarfélaga](#), [Kennarasambands Íslands](#) og með stuðningi [Kennaraháskóla Íslands](#) og [Heimilis og skóla](#).



Frá afhendingu Grænfánans

Myndin er tekin í Kennaraháskóla Íslands þar sem afhending skírteina fór fram. Á myndinni eru 13 af 18 verkefnisstjórum, framkvæmdastjóri verkefnisins og fulltrúar úr stýrihópi verkefnisins ásamt kennurum frá Hemilsetrinu í Björgvin, en það er miðstöð rannsókna og kennslu í eineltisfræðum.

Sama dag og útskriftin fór fram hófu 10 nýir verkefnisstjórar nám sem standa mun yfir á árunum 2004-2006. Þau munu næstu tvö árin leiðbeina þeim skólum sem hefja starf að hausti. Langflestir þeirra skóla sem hafa verið í eineltisverkefninu sl. tvö ár munu halda áfram eftir að innleiðingu verkefnisins er nú lokið.

Framundan er nýr áfangi í verkefninu, sem er stærsta símenntunarverkefni í grunnskólum á Íslandi. Nánari upplýsingar eru að finna á vef [Olweusarverkefnisins olweus.is](#).

